

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
<b>Stofnun og hugmyndafræði</b> .....	<b>3</b>
<b>Innra starfið</b>	
Ríkjandi gildi í starfsháttum .....	3
Skipulag og starfshópur .....	4
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf .....	4
Um sjálfshjálparhópana .....	4
Þjónusta við konur í vændi .....	5
Börn og unglingar .....	5
Símapjónusta .....	5
Framkvæmdahópur Stígamóta .....	6
Kristínarsjóður .....	6
<b>Fræðsla og kynning</b>	
Hvers kyns samstarfsverkefni .....	6
Fyrirlestrar og erindi .....	7
Tengsl við stjórnámálamenn .....	7
Fjölmiðlar .....	8
Þátttaka í ráðstefnum, fundum o.fl. ....	8
Samtökin 14 og þingkonurnar 14 .....	8
Landssöfnun Zontasambands Íslands .....	8
Stofnun Feministafélag Íslands .....	9
Opinn stjórn mála fundur hjá Stígamótum .....	9
Stígamót hlutu tvenn verðlaun .....	10
Dýrmæt gjöf dr. Guðrúnar Jónsdóttur .....	10
Jólagjöf Bláa lónsins til Stígamóta .....	10
Erlendar heimsóknir .....	10
<b>Alþjóðastarf</b>	
Alþjóðastarf Stígamóta .....	11
Stofnun Evrópusamtakanna ENATW .....	11
Evrópufundur ENATW á Íslandi 21.-22. júní .....	12
Evrópuráðstefna Stígamóta og ENATW .....	12
Daphneverkefnið .....	12
Stígamót buðu Margaretu Winberg til Íslands .....	13
Thomas Ekman yfirmaður lögregluteymisins .....	13
Ferðalög Stígamótakvænna .....	14
Aðild að alþjóðasamtökum .....	14
Slóðir erlendra samstarfsaðila .....	15
Slóðir íslenska samstarfsaðila .....	15
<b>Tölur</b>	
Tölulegar upplýsingar .....	16
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður .....	21
Um ofbeldisverkin .....	25
Kærð mál .....	32
Um ofbeldismenn .....	34



# Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafar-hópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hinsvegar.



Stígamót voru að Vesturgötu 3 fyrstu 13 árin

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnþæki

til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Innra starfið

### Ríkjandi gildi í starfsháttum

Kvennapólitískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum. Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga

við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leita séu „sérfræðingarnir“ það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita. Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspegla í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópstarf.

## Skipulag og starfshópur



Aftari röð: Díana, Sæunn handleiðari, Dóra, Björg, Þórunn, fremri röð: Bergún og Guðrún (Rúna)

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur Stígamóta eru 6 og má nefna að skipti á starfsfólki hafa ekki átt sér stað undanfarin 5 ár. Stöðuhlutfall hefur hins vegar aukist og eru stöðugildin nú 5 og hálf. Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. Vegna veikinda var Kristín Blöndal ráðin til afleysinga í tvo mánuði. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita.

## Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem til Stígamóta leitar ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma.

## Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfsemi. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Reynslan af sjálfshjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana, en á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Í ár var leiðbeinendanámskeiðið helgina 20.-21. sept. í húsnæði Stígamóta. Þátttakendur voru um 25.



Hluti leiðbeinenda. Aftari röð: Díana, Þórunn, Björg, Bergrún og Teddy, fremri röð: Sigríður og Jóhanna

Leiðbeinendur hittast líka reglulega yfir veturinn til þess að styrkja hver aðra og ráðgast um leiðir. Á síðasta ári voru starfræktir 10 sjálfshjálparhópar. Hóparnir voru einn unglíngahópur, einn karlahópur, þrjú nauðgunarhópar og fimm sífjaspellahópar. Hóparnir eru lokaðir og í hverjum hóp eru 4-6 konur auk leiðbeinenda. Hóparnir hittast 15 sinnum og fara skipulega í gegnum ýmsa þætti sem tengjast kynferðisofbeldi og afleiðingum þess. Á árinu nýttu sér u.þ.b. fimmtíu manns þessa þjónustu. Allt starf sjálfshjálparhópanna fer fram utan opnunartíma sem er kl. 9-19 virka daga.

## Þjónusta við konur í vændi

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum er þjónusta Stígamóta við konur í vændi lítt sýnileg í tölulegum upplýsingum. Síðastliðið ár nýttu 31 einstaklingar sér viðtalsþjónustuna. Þar af voru 10 að koma í fyrsta skipti. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Ein ástæða þess að fjöldi viðtala hefur aukist í ár og að fleiri einstaklingar fylgja okkur á milli ára er þessi hópur. Nokkuð var gert á síðasta ári til þess að komast í samband við þær konur sem kynnu að þurfa á aðstoð að halda. Um er að ræða þróunarvinnu sem tekur langan tíma. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

## Börn og unglingar

Með tilkomu Barnahússins skapaðist vettvangur þar sem safnað var á einn stað þverfaglegri þjónustu við börn sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmiðið var að vanda eins og kostur er rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og tryggja að börn þyrftu ekki að þeytast á milli aðila og staða og margsegja sögu sína. Barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu geta leitað til Barnahússins.

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum, nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd; Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir árangursríku hópastarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

## Símapjónusta

Því miður er ekki til tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símapjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast okkur upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þeirri vitneskju þykir okkur fylgja mikil ábyrgð. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hlutar þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér eðlilega mikið þessa leið.

## Framkvæmdahópur Stígamóta

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum frá Kvinnaráðgjöf og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfskvenna. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum, hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Margrét Steinarsdóttir, Theodóra Þórarinsdóttir, Rúna Jónsdóttir, Díana Sigurðardóttir og Karla Dögg Karlsdóttir sem sagði sig úr hópnum og sæti hennar tók Thelma Ásdísardóttir. Varakona í framkvæmdahópi er Egyló Sigmundsdóttir.

Tekjur Stígamóta koma frá félagsmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót hafa gert þjónustusamning v íð Reykjavíkurborg, þar sem skilgreind var sú þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög, en fyrst og fremst í Kristínarsjóð sem fjármagnar vændisverkefni Stígamóta.



Aftari röð: Díana, Guðrún (Rúna), Kristín Blöndal sem styrði Daphneverkinu, Margrét og Theodóra

## Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonu. Sjóðurinn skyldi fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Sjóðurinn hlaut á árinu góðar gjafir og ber fyrst að nefna milljónirnar þrjár sem Zontakonur söfnuðu. Öryggisráð Feministafélagsins styrkti sjóðinn tvisvar sinnum samtals um 44.000.- kr., bæði með sölu merkja með áletruninni „ég kaupir konur“ og með ágóða af tónleikum gegn vændi. Mannlíf styrkti sjóðinn um 70.000.-.

## Fræðsla og kynning

### Samstarfsverkefni einkenndu pólitískt starf Stígamóta

Þegar litið er tilbaka yfir starfsemi ársins er það einkennandi að Stígamót fengu fleiri aðila til liðs við sig í nær öll verkefnum ársins. Zontasamband Íslands studdi starf Stígamóta á ómetanlegan hátt og 8000 Íslendingar keyptu rósanælurnar sem Zontakonur seldu til styrktar Kristínarsjóði.

Fyrirferðamikil verkefni voru t.d. Daphneverkefnið um erlendar konur sem búa í ofbeldissamböndum með íslenskum mönnum, en Stígamótakonur buðu Félagsþjónustunni, Kvinnathvarfinu, Rauða krossinum og Alþjóðahúsinu að taka þátt í íslenska hluta verkefnisins. Öryggisráð Feministafélagsins stóð þétt við hlið Stígamótakvenna í mörgum verkefnum ársins. Íslenskri kvennahreyfingu var boðið að standa með Stígamótum að heimboði Margaretu Winberg til Íslands og tóku 11 kvennasamtök þátt í því. Við fengum 13 önnur kvennasamtök til þess að taka þátt í ýmsum aðgerðum til þess að koma vændisfrumvarpi Kolbrúnar Halldórsdóttur og 13 annarra þingkvenna í gegnum þingið. Í þeim tilgangi buðum við til Íslands Thomasi Ekman yfirmanni teymisins gegn vændi innan sænsku lögreglunnar í Gautaborg.

Stærsta verkefni ársins var stofnun Evrópusamtakanna ENATW gegn vændi og verslun með konur, en Stígamót áttu sæti í stjórn verkefnisins og stýrðu starfinu í Norður- Evrópu.

## Fyrirlestrar og erindi

Í tengslum við landssöfnun Zontasambands Íslands í Kristínarsjóð, óskuðu Zontaklúbbarnir eftir fræðslu um klámiðandinn á Íslandi. Guðrún Jónsdóttir (Rúna) hélt þess vegna erindi á Þingborg á Suðurlandi, á Ísafirði, á Akureyri og fyrir stjórn Zonta í Reykjavík. Jafnframt fór fram formleg afhending söfnunarfrjársins á landsfundi Zonta á Seltjarnarnesi. Í félagsmiðstöðvunum í Kópavogi var fræðsluáttak um kynferðisofbeldi og í tengslum við það voru haldin erindi í félagsmiðstöðvunum Igló og Þebu. Beiðnir um fyrirlestra voru margs konar og má nefna að Vinstri Grænir óskuðu eftir sýn okkar á konur og hnattvæðingu. Samband skagfirskra kvenna óskaði eftir erindi og í tengslum við þá ferð buðum við upp á lokaðan fund með fagfólki á Blönduósi og héldum jafnframt erindi í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Fjölbraut Suðurnesja óskaði eftir fræðslu og í tengslum við þá ferð hittum við fagfólk í Reykjanesbæ á lokuðum fundi þar sem við kynntum starf okkar og óskuðum eftir samstarfi. Í tvær síðastnefndu ferðirnar fór einnig Dána Sigurðardóttir. Auk þeirra erinda sem kynningarfulltrúinn hélt, er mikilvægt að nefna að Bergrún Sigurðardóttir sýndi það hugrekki að segja sögu sína á samkomu V-dagssamtakanna í Borgarleikhúsinu að viðstöddu miklu fjölmenni. Margrét Steinarsdóttir hélt erindi á ráðstefnu íslenskra stjórnvalda gegn verslun með konur.

Þegar óskað var eftir fræðslu lögðum við áherslu á að bjóða sem flestum í heimsókn til okkar. Slík fræðsla er eftirminnilegri og færir fólk nær starfsemi Stígamóta. Jafnframt hefur það sýnt sig að þeir nemendur sem hafa heimsótt Stígamót eiga auðveldara með að leita sér hjálpar hjá okkur síðar. Við tókum á móti nemum úr MK, MH, MS, Fjölbraut úr Ármúla, Fjölbraut á Akranesi og félagsliðum úr Borgarholtsskóla. Hingað komu félagsráðgjafarnemar af 1. og 4. ári, starfsfólk Félagsmiðstöðvar Hjallaskóla, skólateymi úr Salaskóla, ungt fólk frá Jafningjafræðslunni, karlar gegn nauðgunum og ýmsir litlir hópar nemenda úr ýmsum deildum Háskólans og Kennaraháskólans vegna ritgerða og verkefna. Auk þessa má nefna að í gegnum netið gátum við dreift miklum upplýsingum og í gegnum síma var mikið um upplýsingagjöf.

## Tengsl við stjórnmalamenn

Stígamót hafa alltaf gætt flokkspólitísks hlutleysis og leitað samstarfs við alla þá stjórnmalamenn sem sýnt hafa áhuga á að leggja lið í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Þannig áttu Stígamótakonur gott samstarf við einstaka þingmenn úr öllum flokkum. Þó verður að geta sérstaklega samstarfsins við Kolbrúnu Halldórsdóttur sem lagði fram þrjú þeirra frumvarpa sem Stígamót hafa sl. fimm ár sérstaklega óskað eftir að þingið tæki til umfjöllunar. Má þar nefna vændismálið sem reyndar var líka borið fram af 13 öðrum þingkonum úr fjórum stjórnmalaflokkum, frumvarp um fórnarlamba- og vitnavernd fyrir konur sem seldar hafa verið í klámiðnaði og síðast en ekki síðst frumvarpið um brottvísun ofbeldismanna af heimilum sínum. Kolbrún hefur sýnt frábært framtak.

Eitt af áherslumálum Stígamóta undanfarin ár hefur verið að koma á laggirnar breiðri nefnd sérfræðinga til þess að endurskoða kynferðisbrotakafla hegningarlaganna og til þess að vinna að heildstæðri löggjöf um öll birtingarform kynbundins ofbeldis. Slík vinna hefur þegar farið fram í Svíþjóð og í Noregi og leitt til mikilla réttarbóta þar. Stígamótakonur hafa heimsótt bæði félagsmála- og dómismálaráðherra til þess að fylgja sérstaklega eftir þessum óskum og hafa kynnt þær þingheimi, en enn án árangurs.

Einnig heimsóttu Stígamótakonur félagsmálaráðherra, ásamt fulltrúum fleiri kvennasamtaka til þess að knýja á um samþykkt vændismálsins og vonandi velur hann að standa með konunum í eigin flokki sem vilja breyta vændislögunum.

Félagsmálaráð Reykjavíkur ásamt Láru Björnsdóttur félagsmálastjóra sóttu Stígamót heim til þess að kynna sér starfsemina og hefur það aukið skilning borgarinnar á starfi okkar.

Að lokum ber að geta þess að ein leið til pólitískra áhrifa er í gegnum umsagnir um einstök þingmál. Stígamótakonur skrifuðu umsagnir um nokkur af þeim þingmálum sem fram komu á árinu og snerta starfsemina. Má nefna frumvarp um verslun með konur, vændismálið, frumvarp um vitna- og fórnarlambavernd vegna verslunar með konur, brottvísun ofbeldismanna af heimilum og fl.

## Fjölmiðlar

Það eru gildar ástæður fyrir því að fjölmiðlar eru stundum kallaðir fjórða valdið. Áhrif þeirra eru mikil og þar sem vitundarvakning og fræðsla eru bestu ráðin gegn kynferðisofbeldi er gott samstarf Stígamóta við fjölmiðla ómetanlegt. Stígamót lögðu áherslu á þátttöku í fjölmiðlaumræðu á árinu og voru virk á öllum sjónvarps- og útvarpsstöðvum og í dagblöðunum. Málflutningur Stígamóta heyrðist í nær öllum fréttatengdum þáttum og má nefna tvær innkomur í Kastljós, Ísland í dag, Samfélagið í nærmynd o.fl. Sérstaklega verður að nefna leiðara Morgunblaðsins sem hvað eftir annað hafa stutt málflutning Stígamóta, beint og óbeint.

Agneta Kellgren frá Radio Sverige heimsótti Stígamót og tók viðtal við kynningarfulltrúann fyrir þáttinn „Like Villkor“ og kom á óvart hversu mikil og góð viðbrögð það vakti. Einnig má nefna af erlendum vettvangi að kynningarfulltrúi skrifaði grein í Kvinnotryck mál gagn sænsku kvennaathvarfa-hreyfingarinnar ROKS.

## Þátttaka í ráðstefnum, fundum o.fl.

Stígamótakönum var boðið að taka þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og uppákomum. Dána tók þátt í Norrænu barnaverndarráðstefnunni þann 28.-31. ág. Þær Þórunn, Guðrún (Rúna) og Dána fóru á morgunverðarfund félagsráðgjafa undir yfirskriftinni „Bakhlíð borgarinnar“. Dagskráin var um vændi. Þær Guðrún og Dána fóru á morgunverðarfund hjá Borginni um vændi. Sömu fulltrúar fóru sem fulltrúar Stígamóta í afmæli Dyngjunnar. Kvenréttindafélagið bauð til Kvennaþings þann 20. sept. og Margrét Steinarsdóttir fór fyrir hönd Stígamóta. Dána og Margrét Steinarsdóttir mættu f. h. Stígamóta í 5 ára afmæli Barnahúss þann 1. nóv.

## Samtökin 14 og þingkonurnar 14

Í pólitísku starfi Stígamóta á árinu var lögð megináhersla á samvinnu við sem flesta í baráttunni fyrir því að breyta lögum um vændi. Enn er það svo samkvæmt íslenskum lögum að það er refsivert að stunda vændi, en refsilaust að kaupa það. Stígamótakönum hefur lærst það af þeim sem til þeirra leita að vændi er eitt form kynferðisofbeldis. Því ber að bregðast við því sem slíku. Breytingarnar ættu að fela í sér að aflétta refsingu af könum í vændi og að kaup á vændi verði gerð refsiverð.

Brugðið var á það ráð að halda móttöku fyrir kvennahreyfinguna þann 14. ágúst. Stungið var upp á að sameina kraftana. Kvennasamtökum var boðið að taka þátt í heimboði Margaretu Winberg og jafnframt að ganga í Evrópusamtökin gegn verslun með konur. Málin þróuðust þannig að 11 kvennasamtök buðu Margaretu Winberg heim. Innan þings jókst stuðningur við frumvarpið til muna og endaði með því að allar þingkonur nema sjálfstæðiskonur urðu flutningsmenn frumvarpsins.

Stuðningurinn hélt áfram að aukast og þann 24. okt. á 29 ára afmæli kvennafrídagsins var enn boðið til móttöku á Stígamótum og boðsgestirnir voru samtökin 14 og þingkonurnar 14 sem vildu beita sér fyrir breytingu á vændislögum. Var lagt á ráðin um það hvernig ná mætti sem mestri samstöðu innan þings og utan. Thomasi Ekman var boðið heim, en Thomas er yfirmaður teymisins innan sænsku lögreglunnar sem vinnur gegn vændi og mansali. Sömu 14 samtök stóðu fyrir „meðmælastöðu“ við Austurvöll þann 30. okt., daginn sem Kolbrún Halldórsdóttir mælti fyrir vændisfrumvarpinu. Enn er ekki allt upp talið því samtökin 14 fóru á fund Árna Magnússonar jafnréttisráðherra og skorðu á hann að styðja málið.

## Landssöfnun Zontasambands Íslands til styrktar Stígamótum



Zontaklúbbarnir á Íslandi hafa undanfarin misseri haft það ofarlega á stefnuskrá sinni að beita sér gegn vændi. Þessi áhersla er í samræmi við ályktanir heimssamtaka Zonta. Dagana 7.- 8. mars seldu Zontakonur fallegar gylltar rósanælar í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu, á Selfossi, á Ísafirði og á Akureyri. Zontakonur seldu 8000 brjóstnælar og ánöfnuðu Kristínarsjóði Stígamóta 90% ágóðans sem urðu 3 milljónir. Aflið, systursamtök Stígamóta nutu líka góðs af söfnuninni. Zontakonur eru sterkur



hópur meðvitaðra kvenna sem lögðu á sig gríðarlega vinnu við söluna. Í tengslum við söluna fór fram mikil fjölmiðlaumræða um vændi. Stígamót og Zonta framleiddu í sameiningu auglýsingu sem birt var sem heilsíðuauglýsing í öllum dagblöðunum dagana í kringum söfnunina. Auglýsingin prýðir forsiðu þessarar ársskýrslu.

Stuðningurinn var ekki bara mikilvægur fjárhagslega, heldur sýndu Zontakonur frábært fordæmi og hrifu með sér 8000 Íslendinga. Kristínarsjóður hefur hingað til staðið undir öllu starfi Stígamóta gegn vændi, hvort sem um er að ræða fræðslustarf eða beinan stuðning við fólk í vændi. Á myndinni hér að framan afhendir Dögg Pálsdóttir þeim Páli Péturssyni þáverandi félagsmálaráðherra og Sólveigu Pétursdóttur þáverandi dómsmálaráðherra fyrstu rósanælnar.

## Stofnun Feministafélag Íslands og Öryggisráðsins

Íslensk kvannahreyfing fékk nýjan, ferskan og róttækan liðsauga þegar Feministafélag Íslands var stofnað. Starfi Feministafélagsins er deilt niður á 11 starfshópa og einn af þeim er Öryggisráðið (sbr. öryggisráð SP) en sá hópur hét í byrjun ofbeldisvarnarhópurinn. Í markmiðslýsingu fyrir hópinn er sérstaklega tekið fram mikilvægi góðs samstarfs við Stígamót. Því markmiði hefur sannarlega verið fylgt eftir. Öryggisráðið hefur fundað í húsnæði Stígamóta, unnið í beinu samstarfi við Stígamót, auk þess að standa að eigin uppákomum. Öryggisráðið seldi nælur með áletruninni „Ég kaupir konur“ fyrir utan Goldfinger í Kópavogi snemmsumars.



Vakti uppákoman mikla athygli og umhugsun og ágóðinn rann í Kristínarsjóð. Sem dæmi um samstarf Öryggisráðsins og Stígamóta má nefna Menningarnótt. Þá leigðu Stígamót hátalarakerfi og konur fluttu fallega texta um ást og frið út um gluggana á Vesturgötunni. Öryggisráðið hélt tónleika gegn vændi í feministavikunni þann 30. október og safnaði m.a. peningum sem runnu óskiptir í Kristínarsjóð. Samtals styrkti Öryggisráðið Kristínarsjóð um 44.000.- kr. Öryggisráðið tók þátt í öllum fjöldaaðgerðunum sem Stígamót og fleiri stóðu að gegn vændi á árinu.

## Opinn stjórn mála fundur hjá Stígamótum



Þann 4. apríl í miðri kosningabaráttu buðu Stígamótakonur frambjóðendum og almenningi til opins stjórn mála fundar í Hlaðvarpanum. Á dagskrá voru málefni kynjanna og kynferðisofbeldi í sinni víðustu mynd. Til fundarins komu dómsmálaráðherra Sólveig Pétursdóttir, Jónína Bjartmarz og Árni Magnússon frá Framsókn, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ágúst Ólafur frá Samfylkingunni, Kolbrún Halldórsdóttir frá VG og Sigurður Ingi Jónsson frá Frjálslyndum. Fundarstjóri var Brynhildur Flóvenz. Fundinn sóttu að auki 40-50 áhugasamar konur og karlar. Vert er að segja frá því að bæði Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir lýstu sig fylgjandi því að gera kaup á vændi ólögleg sem er

stefnubreyting frá því fyrir skömmu í atkvæðagreiðslu á Alþingi um tillögu þess efnis frá Kolbrúnu Halldórsdóttur. Þeim orðum fylgdu þær eftir ásamt öllum þingkonum öðrum en sjálfstæðiskonum og voru skrifaðar fyrir vændisfrumvarpinu ásamt Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Umræður voru fjörugar og augljóst að feministar eru heldur betur að taka við sér sem aftur leiðir til þess að eðlilegt aðhald er að skapast fyrir stjórn mála menn. Á meðfylgjandi mynd er Sólveig Pétursdóttir þáverandi dómsmálaráðherra í ræðustól.

## Stígamót hlutu tvenn verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins 2002



ÍMARK stóð að íslenska markaðsdeginum þann 21. febrúar og þá voru afhent verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins 2002. Keppt var í 12 flokkum og hlutu Stígamót fjórar tilnefningar í tveimur flokkum; í flokki almannaheilla og í flokknum „óvenjulegasta auglýsingar ársins“. Þetta þýddi að í báðum flokkum kepptum við við sjálfar okkur. Auglýsingarnar voru gerðar af Hvíta húsinu og var önnur þeirra myndin af konum innpökkuðum á frauðplastpakka, hin var peningaseðill með álimdum limmiða til nektardansmeyja á hinum svokölluðu nektardansstöðum með áletruninni: „In times of troubles this note could help“. Undir voru símanúmer Stígamóta og lögreglu. Stígamót og Hvíta húsið unnu báða flokkana og

hlutu að launum áletraða lúðra eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

## Dýrmæt gjöf dr. Guðrúnar Jónsdóttur til bókasafns Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir (eldri) frumkvöðullinn að stofnun Stígamóta á sínum tíma og sú sem mótaði starfið, skrifaði á sínum tíma doktorsritgerðina sína um kynferðisofbeldi gegn börnum. Guðrún færði Stígamótum í upphafi ársins ýmis mikilvæg gögn úr sínu persónulega safni. Hún afhenti á sama tíma Kvennasögusafninu stórt fagbókasafn eða 800 titla um kynferðisofbeldi. Þannig er þekking Guðrúnar enn að nýtast í háskólasamfélaginu.

## Jólagjöf Bláa lónsins til Stígamóta

Þau Grímur Sæmundsen framkvæmdarstjóri og Edda S. Gísladóttir vefstjóri Bláa lónsins heimsóttu Stígamót fyrir jól og færðu okkur góða gjöf. Aðstandendur Bláa lónsins ákváðu að í stað þess að senda hefðbundin jólakort, myndu þeir styrkja starfsemi Stígamóta í ár. Okkur voru færðar 200.000.- kr. styrkur sem mun koma sér ákaflega vel á tímum flutninga og breytinga.

Slíkur velvilji og stuðningur er ómetanlegur fyrir starf okkar. Peningarnir koma sér ákaflega vel, en það er þar að auki mjög hvetjandi að skynja þann hug og skilning sem að baki slíkri gjöf býr. Við þökkum starfsfólki Bláa lónsins hjartanlega fyrir og óskum þeim farsældar í sínu starfi.

## Erlendar heimsóknir

Stígamótakonum þykir heiður að því að taka á móti erlendum gestum sem vilja kynna sér starf okkar. Oftast eru slíkar heimsóknir lærdómsríkar fyrir okkur. Margir sóttu okkur heim á árinu og það bar við að við vorum ekki vel upplýstar um hverjir það voru. Þannig heimsótti okkur færeysk sendinefnd sem við tókum vel á móti, áttum aldrei þessu vant til með kaffinu og fræddum gestina um starf okkar. Við vissum ekki fyrr en þau kvöddu að einn úr hópnum var félagsmálaráðherra Færeyinga Páll á Reynatúgvu. Auðvitað brýndum við fyrir Páli þeirra Færeyinga hversu mikilvægt það væri að stofna systursamtök Stígamóta á nágrannaeyjunni og veita þeim rausnarlegt fjárframlag til starfans.

Yfirmaður jafnréttismála í Úkraínu Vasylyna Omelyanchuk heimsótti okkur og þótti óhuggulegt að heyra um sífjaspell á Íslandi og spurði hverju það sætti. Henni var sagt að væntanlega væru Íslendingar ekkert öðru vísi en annað fólk og að mögulega væri tíðni sífjaspella svipuð í hennar heimalandi, en íbúar landsins eru 50 milljónir. Það þótti henni óhugsandi. Hún var frædd um að það sama hefðum við haldið hér á landi fyrir 20 árum. Engum hefði dottið í hug hversu algengt kynferðisofbeldi gagnvart börnum væri. Því var stungið að henni hvort það væri ekki verðugt umhugsunarefni að kanna ástandið í Úkraínu. Henni þótti það óþægileg tilhugsun, fólk myndi ekki fyrirgefa henni að láta sér detta slíkt í hug. En hún fékk ýmislegt að hugsa um og lofaði að skoða málið.

Fulltrúar Bandaríska sendiráðsins þau Lisa Kierans og Erlingur Erlingsson heimsækja Stígamót árlega og fræðast um starf okkar og fá tölulegar upplýsingar. Hingað kom líka Nicholas Sensley bandarískur sérfræðingur um verslun með konur. Annars staðar er sagt frá þeim hópum og persónum sem við buðum sérstaklega til okkar á árinu.

## Alþjóðastarf

### Alþjóðastarf Stígamóta

Alþjóðavæðing grípur inn í flest svið þjóðlífsins og heimurinn er að verða minni upp á gott og vont. Það góða fyrir Stígamót eru m.a. aukin og bætt tengsl við systursamtökin bæði á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu og í Ameríku. Það vonða er að klámiðnaðurinn hefur alþjóðavæðst og hvers kyns verslun með konur hefur teygt anga sína til Íslands.

Alþjóðastarf Stígamóta hefur síaukist undanfarin ár. Auk allra þeirra erlendu aðila sem Stígamót buðu til Íslands og þeirrar Evrópuráðstefnu og erlendu funda sem Stígamót héldu á Íslandi, fór hluti vinnunnar fram erlendis. Árið 2003 voru Stígamót aðilar að þremur Evrópuverkefnum. Stærsta verkefnið fólst í stofnun Evrópusamtakanna ENATW (European Network against Trafficking in Women for sexual exploitation) en Stígamót eiga þrjár konur í stjórn samtakanna og stýra starfinu í Norður Evrópu. Að auki tókum við þátt í Daphne verkefni um erlendar konur sem búa í ofbeldissamböndum með innlendum körlum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Norðmenn, Dani, Þjóðverja og Breta. Jafnframt héldum við áfram þátttöku í evrópsku verkefni sem stýrt er af Liz Kelly og Lindu Regan í Englandi undir yfirskriftinni „Rape the forgotten issue“.

Stígamótakonum er sérlega annst um samtökin „Nordiske kvinner mot vold“ sem eru stofnuð af Stígamótakonu og eiga sæti í ráðgjafarhópnum sem undirbýr árlegar ráðstefnur samtakanna. Auk þessara verkefna tóku Stígamót þátt í fjölmörgum öðrum ráðstefnum og fundum víðs vegar um Evrópu.

Í erlendu samstarfi er nauðsynlegt að eiga sér sálufélaga. Evrópuverkefni hafa gert meira en að þjappa konum í Evrópu saman. Á Evrópuvettvangi verður það ljóst hversu miklir sálufélagar norrænu konurnar verða í stærra samhengi. Norræn menning og staða jafnréttisbaráttunnar er á öðrum stað en sunnar í álfunni. Þannig hefur orðið til þéttur en óformlegur hópur norrænna róttækra kvennasamtaka og einstaklinga sem kalla sig Nordnet. Sá hópur er ómetanlegt bakland fyrir okkur allar og sá hópur bregst skjótt við þurfi Stígamót á liðsinni eða ráðum að halda.

### Stofnun Evrópusamtakanna ENATW

Stærsta pólitíska verkefni ársins hjá Stígamótum var þátttaka í Evrópuverkefninu ENATW, en til verkefnisins fékkst 35 milljóna krónur styrkur frá Evrópusambandinu. Fyrir hönd Stígamóta sátu þrjár konur í stjórn, þær Guðrún Jónsdóttir (Rúna), Margrét Steinarsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. Stígamót leiddu jafnframt starfið í Norður-Evrópu. Í stjórn sátu einnig ítölsk og belgísk kvennasamtök. Fyrir hönd Stígamóta stýrði Guðrún verkinu í norðurhlutanum, sem fólst m.a. í að safna aðildarsamtökum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum, gefa út fréttabréf, halda vinnufund og ráðstefnu á Íslandi og ýmislegt fleira. Verkefnið hafði að meginmarkmiði að tengja saman þau öfl sem líta á vændi og verslun með konur sem kynferðisofbeldi.

Sóley Stefánsdóttir hannaði merki samtakanna, en hugsunin á bak við það er net kvenna sem leiðast og sá styrkur og samtakamáttur sem netið felur í sér. Ýmsar fleiri íslenskar konur komu að verkefninu og má nefna Kristínu Ástgeirsdóttur sem skrifaði hluta af fréttabréfinu. Stofnfélagar í samtökunum voru 9 kvennasamtök, en á árinu bættust við 24 ný félagasamtök, þar af eru samtökin 16 úr norðri.



## Evrópufundur ENATW á Íslandi 21.-22. júní

Þátttaka Stígamóta í stjórn Evrópusamtakanna ENATW leiddi til þess að einn af samstarfsfundunum sem þátttökulöndin níu tóku þátt í var haldinn á Íslandi. Fundað var stíft í Reykjavík þessa daga. Gestunum sem voru um 30 var síðan boðið í Bláa lónið og svo í matarboð á íslenskt heimili hjá Díönu Sigurðardóttur og þótti þeim það persónulegt og ógleymanlegt.

## Evrópuráðstefna Stígamóta og ENATW þann 23. júní; „Barátta gegn verslun með konur - bestu leiðirnar á Evrópuvettvangi“

Í tengslum við vinnufund ENATW á Íslandi tóku Stígamót að sér að uppfylla eitt af markmiðum samtakanna sem var að safna saman því besta sem félagasamtökin í hverju landi höfðu frá að segja um leiðir í baráttunni gegn verslun með konur. Haldin var ráðstefna á Nordica hóteli þann 23. júní þar sem flutt voru tíu erindi. Kolbrún Halldórsdóttir tók að sér fundarstjórn. Opnunarerindið var flutt af Louise Eek frá Svíþjóð, en hún hefur skrifað bókina „Spelat lív“ um líf sitt í vændi. Louise stundar nú doktorsnám í félagsfræði.



Louise Eek rithöfundur

Guðrún Jónsdóttir (Rúna) talaði fyrir hönd Stígamóta um mikilvægi feminisma í baráttunni gegn vændi. Eitt af því sem þegar hefur skilað sér í íslenska umræðu er leið Ítalana sem hafa lögleitt bæði fórnarlamba- og vitnavernd fyrir konur sem komast út úr kynlífsþrælkun. Kolbrún Halldórsdóttir hefur þegar flutt frumvarp þess efnis í íslenska þinginu.

Mata Kaloudaki frá Grikklandi hélt erindið sem mesta athygli vakti. Hún sagði frá áformum borgarstjóra Aþenu um að fjölga vændishúsum í borginni úr 200 í 230 fyrir ólympíuleikana árið 2004. Íslensk kvennasamtök brugðust skjótt við og skrifuðu íslensku ólympíunefndinni og vöktu athygli á málinu. Íslenska nefndin skrifaði þeirri alþjóðlegu og málið vakti mikla athygli erlendra fjölmiðla. Margareta Winberg þáverandi aðstoðarforsætisráðherra Svía fylgdi málinu eftir og fékk með sér alla jafnréttisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna að þeim danska undanskildum. Ráðherrarnir sendu kröftug mótmæli til borgarstjórans í Aþenu. Ráðstefnan vakti mikla athygli fjölmiðla og átti mikilvægan þátt í að auka skilning á vændi á Íslandi.

## Daphneverkefnið og málþingið „Skuggahliðar nútíma fólksflutninga“

Stígamót gengu til samstarfs við Norðmenn, Dani, Þjóðverja og Breta um Daphneverkefni undir heitinu: „Service-provision and policy-making for minority women victimised by repeat perpetrators“. Verkefnið hlaut Daphnestyrk frá Evrópusambandinu sem þó náði ekki til verkefna í hverju landi fyrir sig. Kristín Blöndal tók að sér að leiða verkefnið fyrir hönd Stígamóta. Að auki fengum við til liðs við okkur Kvennaathvarfið, Félagsþjónustuna í Reykjavík, landsskrifstofu Rauða kross Íslands og Alþjóðahús sem heyrir undir Reykjavíkurdeild Rauða krossins.

Samkvæmt upplýsingum frá þeim löndum sem þátt tóku í verkefninu er staðan sú að um 40% kvenna sem sækja dönsk kvennaathvörf eru af erlendum uppruna, í Noregi voru þær um 10% sl. ár. Hér á landi hafa konur af erlendum uppruna verið á bilinu 7-15% þeirra kvenna sem sækja Kvennaathvarfið. Skýringarnar eru margar, m.a. þær að flestar erlendar konur hafa ekki sama aðgang að fjölskyldu og vinum til að styðja sig í vanda eins og innlendar konur. Einnig hafa margar leiðst út í hjónabönd með mönnum sem þær hefðu ekki gíft ef þær hefðu haft fleiri valmöguleika í heimalöndum sínum. Það eru þessar erlendu konur og karlar sem giftast þeim sem við höfum áhyggjur af. Konurnar eru oft fórnarlömb endurtekens ofbeldis.

Hér á landi höfum við sett okkur það markmið að efla umræðu um erlendar konur sem koma hingað til lands í því skyni að giftast íslenskum körlum, koma í leit að betra lífi, en lenda í ofbeldissamböndum. Við viljum átta okkur á stöðu þeirra og leita leiða til að kynna þeim réttindi sín. Við höfum rökstuddan grun um að brotalöm sé þar á. Til þess að gera þetta kleift þarf vitundarvakningu og breytt félagslegt og lagalegt umhverfi. Lögð skal rík áhersla á það að konurnar sem flytjast hingað eru ekki vandamál, heldur þeir íslensku karlar sem reynast þeim illa, einnig viðhorf almennings og þær aðstæður sem mæta þeim hérlendis.

Málefnið er viðkvæmt þar sem að sjálfsögðu er ekki hægt að setja allar konur af erlendum uppruna sem giftar eru íslenskum körlum undir sama hatt. Vanda þarf mjög til verksins. Þess vegna var ákveðið að fara þá leið að boða einungis þá aðila sem á einhvern hátt tengjast málefninu til lokaðs málþings í Gerðubergi þann 26. maí. Fengnir voru tveir erlendir sérfræðingar til þess að ræða aðstæður þessara kvenna, enda verkefnið á gráa svæðinu hvað varðar mansal. Þær dr. Purna Sen frá Bretlandi og Rachel Eapen Paul frá Noregi, héldu fræðandi fyrirlestra og vöktu fólk til umhugsunar. Til málþingsins mættu um 70 manns úr ýmsum mikilvægum stofnunum samfélagsins. Eftir málþingið var dómsmálaráðherra heimsóttur og óskað eftir fundi með allsherjarnefnd Alþingis. Lagðar voru fram tillögur um réttarþætur og bættar upplýsingar fyrir erlent fólk sem giftist Íslendingum. Í september var svo haldinn Evrópufundur á Íslandi með samstarfsaðilum okkar frá löndunum fjórum.

## Stígamót buðu Margaretu Winberg til Íslands

Það er mikilvægt að skrá það í ársskýrsluna að Margareta Winberg þáverandi aðstoðarforsætisráðherra og jafnréttisráðherra Svíþjóðar er einhver ötulasta talskonan á alþjóðavettvangi fyrir því að vændi sé kynferðisofbeldi og að bregðast skuli við því sem slíku m.a. með því að banna kaup á konum. Svíar hafa



Margareta Winberg ásamt Gunillu Ekberg ráðgjafa sínum

einir þjóða sett lög þess efnis og hafa lagt mikið á sig til þess að sannfæra fleiri um mikilvægi hugmyndafræðinnar. Varla er haldin mikilvæg alþjóðleg ráðstefna um vændi án þess að Margareta Winberg sé ein af aðalræðukonunum. Stígamótakonum datt í hug meira í gamni en alvöru að þarft væri að fá Margaretu til Íslands til þess að kenna íslenskum ráðamönnum að vilji sé allt sem þarf til þess að taka til í samfélaginu. Margaretu var boðið heim og okkur til óvæntrar ánægju þáði hún boðið. Við fengum með okkur 10 önnur kvenna-

samtök til þess að standa að heimsókninni og erum vissar um að heimsókn hennar skipti gífurlegu máli. Bæði til þess að sannfæra almenning og stjórnámamenn. Stuttu síðar lagði Kolbrún Halldórsdóttir fram vændisfrumvarpið í fimmta sinn. Að þessu sinni fékk hún með sér allar þingkonur á þingi að sjálfstæðiskonum undanskildum. Málið hlaut ekki afgreiðslu fyrir jól, svo enn er óvíst hvernig niðurstaðan verður.

## Thomas Ekman yfirmaður lögregluteymisins gegn vændi í Svíþjóð

Samtökin 14 sem sameinuðust í baráttunni fyrir breyttum vændislögum gerðu allt sem þeim hugkvæmdist til þess að sannfæra þingmenn um mikilvægi breytinga. Þegar allsherjarnefnd fjallaði um málið ákváðum við að bjóða heim Thomasi Ekman til þess að segja frá því að sænska leiðin virkaði í raun. Thomas fékk áheyrn allsherjarnefndar og ræddi við nefndarfólk í meira en einn tíma. Að auki sýndu fjölmiðlar málflutningi hans áhuga og hann hélt erindi á Grandhótelu þann 19. nóvember.

## Ferðalög Stígamótakvenna

Stígamót hafa átt náið samstarf með norrænni kvennaathvarfahreyfingu og tók Guðrún (Rúna) þátt í undirbúningi ráðstefnu hreyfingarinnar í Helsingør og stýrði vinnuhópi á ráðstefnunni. Auk hennar sótti Þórunn Þórarinsdóttir ráðstefnuna fyrir hönd Stígamóta. Ráðstefnan var haldin í Helsingør í Danmörku í lok ágúst undir yfirkristfinni „Hin mörgu andlit kynferðisofbeldis“. Stígamót taka einnig beinan þátt í undirbúningi næstu ráðstefnu í Noregi en hún mun fjalla um verslun með konur. Undirbúningsfundur fyrir þá ráðstefnu var haldinn í Kaupmannahöfn í desember.

Daphneverkefnið „Erlendar konur sem verða fyrir endurteknu ofbeldi í sambúð með innlendum mönnum“ er á lokastigi. Vegna þess verkefnis var haldinn einn fundur í Osló og annar í Reykjavík og sóttu hann þær Kristín Blöndal og Guðrún Jónsdóttir (Rúna). Lokafundurinn verður í Kaupmannahöfn 2004.

Þær Björg Gísladóttir og Halldóra Halldórsdóttir starfskonur Stígamóta hafa undanfarin ár tekið þátt í Daphneverkefninu „Rape the forgotten issue“. Í október var lokafundur þess verkefnis í Dublin. Verkefnið hét upphaflega „Nauðgun gleymda þemað“ og framhaldsverkefnið fékk heitið „Nauðgun ennþá gleymt þema“. Verkefnið er undir stjórn prófessors Liz Kelly.

ENATW eru Evrópusamtökin gegn verslun með konur sem Stígamót eiga þátt í að stýra í samvinnu með Ítalíu og Belgíu. Í tengslum við verkefnið hefur verið mikið um fundarhöld og ferðalög. Þær Guðrún Jónsdóttir (Rúna), Kolbrún Halldórsdóttir og Margrét Steinarsdóttir hafa sótt fundi og ráðstefnur á vegum samtakanna. Tveir fundir voru haldnir í Brussel, og aðrir í Noregi, á Ítalíu og á Íslandi. Auk kynningaferða Guðrúnar um Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin.



Nokkuð var um að haldin væru innlegg á vegum Stígamóta erlendis. Ráðstefnan Konur og lýðræði var haldin á í Tallinn í febrúar. Hann sótti Guðrún Jónsdóttir (Rúna) og hélt innlegg í málstofu um vændi og verslun með konur.

Á ráðstefnu Norrænna kvenna gegn ofbeldi var vinnuhópi stýrt af fulltrúa Stígamóta sem jafnframt hélt innlegg í plenum.

Síðast en ekki síst má nefna að Guðrún (Rúna) var boðin á Evrópuráðstefnu á Sikiley á Ítalíu í nóvember og fékk þar tækifæri til þess að kynna ENATW, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

## Aðild að alþjóðasamtökum

Stígamót eru aðilar að nokkrum norrænum, Evrópskum og alþjóðlegum kvennasamtökum. Þau eru eftirfarandi;

- **ENATW –European network against Trafficking in Women**, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er [www.aretusa.net](http://www.aretusa.net)
- **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennaathvarfa og nú einnig ráðgjafarstöðva vegna kynferðisofbeldis
- **Norsk netverk mot prostitusjon og trafficking** en við njótum þess heiðurs ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Loiose Eek í Svíþjóð að vera aðilar að netinu, þó útlenskar séum
- **Wave - women against violence in Europe** með vefsíðuna: [www.wave-network.org](http://www.wave-network.org)
- **International Abolitionist Federation** sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar.



## Slóðir erlendra samstarfsaðila Stígamóta

- ENATW –European network against Trafficking in Women, <http://www.aretusa.net>
- WAVE - women against violence in Europe sem eru evrópsk samtök kvennaathvarfa: <http://www.wave-network.org>
- CATW - Coaliton against Trafficking in Women sem eru alþjóðasamtök gegn kynlífsþrælasölu og vændi: [catw-l@list.web.net](mailto:catw-l@list.web.net)
- Reden - athvarf fyrir vændiskonur í Danmörku: <http://www.reden.dk>
- Krisesentersekretariatet - Samtök norskra kvennaathvarfa: <http://www.krisesenter.com/>
- Landsorganisationen for krisesentre i Danmark: Samtök danskra kvennaathvarfa <http://www.lokk.dk/>
- ROKS - samtök sænskra kvennaathvarfa: <http://www.roks.se/index.html>
- DIXI hóparnir eiga tvær ráðgjafarmiðstöðvar í Osló og í Stavanger. <http://www.dixi.no>
- Støttesenter mot incest i Oslo: [www.sentermotinces.ino](http://www.sentermotinces.ino)

## Slóðir íslenska samstarfsaðila:

- Barnaheill - ábendingar um barnaklám á netinu: [abending@barnaheill.is](mailto:abending@barnaheill.is)
- Briet - félag íslenskra feminista: <http://briet.is>
- Kvennaathvarfið: <http://www.kvennaathvarf.is>
- Jafnréttisstofa á Akureyri: <http://www.jafnretti.is>
- Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna: <http://www.ismennt.is/vefir/mfik/index.html>
- Rannsóknarstofa í kvennafræðum: <http://www.hi.is/stofn/fem>
- Vera - tímarit um kvenfrelsi: <http://www.vera.is>
- Unifem á Íslandi: <http://www.unifem.is>
- Kvennasögusafn Íslands: <http://kona.bok.hi.is/main.html>
- Barnaverndarstofa: [www.bvs.is](http://www.bvs.is)
- Umboðsmaður barna: [www.barn.is](http://www.barn.is)
- Heimasíða Femínistafélags Íslands: [www.feministinn.is](http://www.feministinn.is)

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa íslensku samfélagi eins og það lítur út í gegnum gluggana á Stígamótum. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 14 ár höfum við safnað þekkingu um kynferðisofbeldi, hverjir verða fyrir því og hverjir beita því. Við vitum hvar það er framið og hverjar afleiðingarnar eru. Ýmislegt fleira má lesa úr eftirfarandi tölum. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfraðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

*Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2003 leituðu 496 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 251 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2003 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 251 einstaklinga.

Á þeim 14 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2003 hafa 3756 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir hafa talist vera 5479. Þeir eru þó væntanlega færri, þar sem hluti þeirra hafa slóð ofbeldisverka á eftir sér.

Samkvæmt þjóðskrá eru konur á Íslandi 145.169 og til Stígamóta hafa undanfarin 14 ár leitað 3595 konur eða 2.48 % kvenna á Íslandi.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir teljast en þau sem beitt eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi og því er heildarfjöldi ofbeldismanna væntanlega lægri.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2003 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Hjá Stígamótum eru hins vegar varðveittar tölulegar upplýsingar frá síðustu 14 árum og þær má nálgast í fyrri ársskýrslum.

Tafla 1) Fjöldi viðtala árið 2003


Fjöldi einstaklinga	Þar af ný mál	Heildarfjöldi viðtala
496	251	1992

Þegar þessar tölur eru bornar saman við síðasta ár kemur í ljós að fjöldi nýrra mála fækkar um fjögur mál sem er ómarktækur munur. Hins vegar hefur vinnan hjá Stígamótum aukist því fleiri einstaklingar nýttu sér viðtalsþjónustunna á árinu, þó þeir hafi verið í sambandi áður. Þeim fjölgaði úr 440 í 496 eða um 12.7% frá fyrra ári. Heildarfjöldi viðtala hefur líka aukist um 16% úr 1715 árið 2002 í 1992 árið 2003. Þessar tölur sýna það að hver einstaklingur nýtir sér fleiri viðtöl en áður. Meðaltalið fer úr 3.8 viðtölum í 4 viðtöl á mann.



## Tafla 2) Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutf.
Konur	224	89,2%
Karlar	27	10,8%
	<b>251</b>	<b>100%</b>



Tafla 2 sýnir að Stígamót ná væntanlega betur til kvenna en karla. Hluttur karla hefur þó verið að aukast undanfarin ár og er það gleðilegt.

Rannsókn Hrefnu Ólafsdóttir um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi bendir til þess að um 20% misnotaðra barna séu drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu frá 1999 til 2002 sýnir að 23% stúlkna hafi verið beittar kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur og um 8% drengja (Mbl. 17. sept. 2002).


## Tafla 3) Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Tafla 3 sýnir fjölda þeirra mála sem bárust Stígamótum sl. 12 ár (Tvö fyrstu árin eru ekki með). Fyrstu árin var um að ræða uppsafnaðan vanda, enda um nýtt úrræði að ræða. Á þeim tíma fengust Stígamót jafnframt við málefni barna. Árið 1993 kom til sögunnar Neyðarmóttaka vegna nauðgana og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Því hefur hlutfall nauðgunarmála lækkað og meðalaldur hækkað.

#### Tafla 4) Fjöldi viðtala eftir mánuðum árið 2003

Fjöldi nýrra einstaklinga skiptist þannig eftir mánuðum:



Það er einkennandi fyrir starf Stígamóta að aðsókn er breytileg á milli mánaða og óútreiknanlegt hvenær topparnir koma. Að meðaltali voru 21 ný viðtöl á mánuði.


#### Tafla 5 a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2003

	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	146	51,0%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	103	36,0%
Grunur um sifjaspell	5	1,7%
Grunur um nauðgun	1	0,3%
Kynferðisleg áreitni	16	5,6%
Vændi	10	3,5%
Klám	5	1,7%
<b>Samtals</b>	<b>286</b>	<b>100%</b>

Þeir einstaklingar sem til okkar leita, koma gjarnan af fleiri en einni ástæðu. Þess vegna eru ástæðurnar fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber mörg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli

vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum, en getur ekki munað hvað gerðist.

Konur hafa komið hingað vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum án þess að þær vissu og þeim síðan dreift, eða þeim hóttað að þeim verði dreift.




### Tölur um vændi eru villandi

Á síðasta ári nýttu 31 einstaklingar sér viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis. Af þessum einstaklingum voru 3 karlar og 28 kona. Af þessu fólki voru 10 nýir einstaklingar á aldrinum 17 -44 ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá systursamtökum þeirra erlendis að það tekur langan tíma að vinna úr því ofbeldi sem vændi er.


Nokkur fjöldi kvenna var í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Þess ber að geta að tölulegar upplýsingar um símaviðtöl eru því miður ekki í ársskýrslunni. Einnig er vændi ákaflega falið og oft koma upplýsingar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í nokkrum tilfellum

Tafla 5 b) Samanburður milli síðustu 5 ára



**Tafla 6) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta viðtal árið 2003?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Polandi	237	94,4%
Foreldrar polanda	2	0,8%
Móðir polanda	8	3,2%
Faðir	2	0,8%
Systkini	0	0,0%
Maki	1	0,4%
Annar	1	0,4%
	<b>251</b>	<b>100%</b>



Í ársskýrslunni eru ekki teknar saman tölur um það fólk sem sótti sér fræðslu í einu eða öðru formi hjá Stígamótum. Hér eru því ekki upplýsingar um námsfólk, stjórnmalamenn, samstarfsaðila, fræðimenn og ýmsa fl. sem ekki komu vegna eigin reynslu af kynferðisofbeldi. Mökum er velkomið að fá viðtöl hjá Stígamótum, en koma aðeins fram í þessum tölum þegar sú (eða sá) sem beitt var ofbeldi leitaði ekki hjálpar.

**Tafla 7 a/b) Aldur polenda þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2003**

Tafla 7a sýnir aldur polenda þegar leitað er til Stígamóta, en í töflu 7b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir nýta sér Stígamót á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 86.5 %. Ofbeldið er hins vegar framið í 68.5 % tilfella þegar viðkomandi voru innan við 16 ára aldur.


7 a)

	<b>Fjöldi</b>	<b>Leitað</b>
0-4 ára	2	0,8%
5-10 ára	2	0,8%
11-15 ára	11	4,4%
16-18 ára	28	11,2%
19-29 ára	107	42,6%
30-39 ára	53	21,1%
40-49 ára	29	11,6%
50-59 ára	13	5,2%
60 ára og eldri	6	2,4%
Óvíst	0	0,0%
	<b>251</b>	<b>100%</b>

7 b)

	<b>Fjöldi</b>	<b>Framið</b>
0-4 ára	6	2,4%
5-10 ára	117	46,6%
11-15 ára	49	19,5%
16-18 ára	31	12,4%
19-29 ára	29	11,6%
30-39 ára	7	2,8%
40-49 ára	3	1,2%
50-59 ára	1	0,4%
60 ára og eldri	0	0,0%
Óvíst	8	3,2%
	<b>251</b>	<b>100%</b>

**Tafla 7 c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað er aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið er fram**




Súluritið 7c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2003. Tekið skal fram að 43 einstaklingar eru yngri en 18 ára. Í þeim tilfellum eru málin alltaf þekkt af barnaverndaryfirvöldum.

Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta í fjórtan ár er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að ræða ofbeldið og gera það ógjarnan fyrir en afleiðingar þess eru orðnar afar þungbærar.


## Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

**Tafla 8) Uppeldisaðstæður**



Flestir þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2003 eða 73,7% ólust upp hjá kynforeldrum.

**Tafla 9) Hjúskaparstaða**





**Tafla 10) Fjöldi barna**

	Fjöldi	Hlutf.
Barnlaus	128	51,0%
Eitt barn	46	18,3%
Tvö börn	25	10,0%
Þrjú börn	33	13,1%
Fjögur börn	9	3,6%
Fimm börn	2	0,8%
Sex börn	1	0,4%
Sjö börn	1	0,4%
Óvíst	6	2,4%
<b>Samtals</b>	<b>251</b>	<b>100%</b>

Töflur 9 og 10 sýna hjúskaparstöðu þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur einstaklinga eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að 43 þeirra sem leita aðstoðar eru 18 ára og yngri (sbr. töflu 7a)


**Tafla 11 a/b) Menntun og atvinna**





Tölurnar og súluritin hér að framan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2003 sýna að 31.5 % eru við nám og 26.7 % hafa lokið skyldunámi, um 64.6% fer í framhaldsnám og 2 þolendur luku ekki skyldunámi.


### Tafla 12) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir urðu fyrst fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um helmingi tilvika.

Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

**Tafla 13 a) Búseta þolenda þegar leitað var til Stígamóta árið 2003**



Yfir 80% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. En þrátt fyrir vegalengdir er notendahópurinn af öllu landinu. Fólkið sem býr lengst í burtu hefur lagt ótrúlega mikið á sig til þess að nýta þjónustuna en símaviðtöl eru þó skásti kosturinn fyrir þennan hóp.

**Tafla 13 b) Búseta; samanburður milli ára**

	1999	2000	2001	2002	2003	
Reykjavík	59,6%	49,5%	47,6%	55,7%	55,0%	138
Kópavogur	5,6%	9,8%	8,9%	9,0%	12,0%	30
Hafnarfjörður	7,5%	9,3%	8,0%	6,7%	7,2%	18
Seltjarnarnes	3,8%	2,8%	1,3%	1,6%	2,0%	5
Garðabæ	1,9%	3,7%	0,9%	2,7%	2,4%	6
Mosfellsbær	3,3%	2,3%	4,0%	2,0%	4,0%	10
Úti á landi	17,4%	21,5%	24,9%	20,4%	16,7%	42
Erlendis	0,9%	0,9%	4,4%	2,0%	0,8%	2
<b>Fjöldi</b>	<b>213</b>	<b>214</b>	<b>225</b>	<b>255</b>	<b>251</b>	

Súlurit 13a sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 2003. Á Akureyri starfaði á árinu Aflið sem eru systursamtök Stígamóta. Þær buðu uppá nokkra viðtalsþjónustu og sjálfshjálparhópa. Í töflu 13b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1999 til 2003.




## Um ofbeldisverkin

**Tafla 14) Líkamlegt ofbeldi í bernsku**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	30	12,0%
Nei	210	83,7%
Ekki vitað	11	4,4%
	<b>251</b>	<b>100%</b>


Eins og sjá má á töflu 14 höfðu 30 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2003 eða 12 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.



**Tafla 15) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	30	14,9%
Nei	166	82,6%
Ekki vitað	5	2,5%
	<b>201</b>	<b>100%</b>

Í töflu 15 kemur fram að tæp 15 % þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2003 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 201, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.




Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 10% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

Tafla 16 a) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	1999	2000	2001	2002	2003	Fjöldi
Eitt skipti	2,7%	0,0%	13,3%	18,1%	16,6%	25
0-3 mánuði	10,1%	8,9%	4,9%	5,4%	4,6%	7
4-6 mánuði	2,7%	3,4%	5,6%	2,7%	4,0%	6
7-11 mánuði	4,7%	2,7%	4,9%	1,3%	2,0%	3
Eitt ár	12,8%	12,3%	13,3%	8,1%	8,6%	13
Tvö ár	18,1%	16,4%	15,4%	10,7%	12,6%	19
Þrjú ár	12,8%	10,3%	14,0%	16,1%	16,6%	25
Fjögur ár	11,4%	11,6%	10,5%	8,1%	8,6%	13
Fimm ár	6,7%	10,3%	4,2%	7,4%	4,6%	7
Sex ár	4,7%	4,1%	3,5%	4,7%	6,0%	9
Sjö ár	1,3%	0,7%	0,7%	1,3%	1,3%	2
Átta ár	2,0%	2,1%	0,0%	0,7%	0,7%	1
Níu ár	2,0%	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0
Tíu ár	2,0%	2,1%	1,4%	2,7%	4,0%	6
Lengur en tíu ár	0,0%	2,7%	1,4%	2,0%	1,3%	2
Óvíst	6,0%	4,1%	7,0%	10,1%	8,6%	13
Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	149	146	143	149	151	

Tafla 16 b) Samanburður á milli ára



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist fólki oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Algengast er að sífjaspellin standi í 1-5 ár.

**Tafla 17) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Á sameiginlegu heimili	76	24,4%
Á heimili þolanda	36	11,5%
Á heimili ofbeldismanns	109	34,9%
Á vinnustað þolanda	5	1,6%
Á vinnustað ofbeldismanns	17	5,4%
Á víðavangi/leikvelli	21	6,7%
Í sumardvöl	6	1,9%
Á útihátíð	10	3,2%
Á skemmtistað	7	2,2%
Annars staðar	22	7,1%
Óvíst	3	1,0%
	<b>312</b>	<b>100%</b>


Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 70.8 % tilfella. Í töflunni sem merkt er „annars staðar“ er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi, í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

**Tafla 18 a) Sagði þolandi frá ofbeldinu**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	46	18,3%
Nei	203	80,9%
Ekki vitað	2	0,8%
	<b>251</b>	<b>100%</b>

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Móður	18	31,0%
Faðir	3	5,2%
Maka	1	1,7%
Systkini	2	3,4%
Börnunum sínum	0	0,0%
Öðrum í fjölskyldunni	0	0,0%
Vini/vinkonu	24	41,4%
Fagaðila	9	15,5%
Öðrum utan fjölskyldu	1	1,7%
	<b>58</b>	<b>100%</b>


**Tafla 18 b) Samanburður á milli ára**



Tafla 18a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2003 eru 18.3%, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum viðkomandi sagði þá frá, en algengast var að móðir eða vinkonu/vinur nytu trúnaðar. Súluritið sýnir samanburð milli ára.


### Tafla 18c) Var viðkomandi trúað?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki trúað	9	16,4%
Trúað	44	80,0%
Óvíst	2	3,6%
	<b>55</b>	<b>100%</b>



Tafla 18c sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 44 eða 80 % þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.


### Tafla 19) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis



Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um „svipmyndir“, um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í hugarnum og valda miklu hugarangri. Skömm, léleg sjálfsmýnd, depurð, sektarkennd og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfskóðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

**Tafla 20 a) Sjálfsvígstilraunir þolenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	37	14,7%
Nei	197	78,5%
Ekki vitað	17	6,8%
	<b>251</b>	<b>100%</b>




**Tafla 20 b) Samanburður milli ára**

	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>
Já	14,6%	15,9%	13,8%	12,2%	14,7%
Nei	82,4%	82,7%	81,8%	85,1%	78,5%
<b>Fjöldi</b>	<b>213</b>	<b>214</b>	<b>225</b>	<b>255</b>	<b>251</b>

Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2003, höfðu 37 eða 14,7 % gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Í töflu 20b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum. Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 á kynferðisofbeldi gagnvart börnum kemst hún að því að um 15% hafi gert tilraunir til sjálfsvígs, en almennt gildi að um 4% fólks hafi gert slíkar tilraunir.


**Tafla 20 c) Sjálfsvígshugsanir þolenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Já	143	57,0%
Nei	75	29,9%
Ekki vitað	33	13,1%
	<b>251</b>	<b>100%</b>




Tæp 60 % þeirra sem til Stígamóta leituðu, lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika afleiðinga kynferðisofbeldis að þeir sem fyrir því verða, kjósi jafnvel dauðann framyfir líðan sína.

**Tafla 21) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta?**



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar.

**Tafla 22 a) Tengsl við ofbeldismenn**



Í töflu 22a kemur fram að 338 ofbeldismenn höfðu beitt þá 251 einstaklinga ofbeldi sem leituðu til Stígamótu árið 2003. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Það á t.d. við þegar systur eða frænkur koma vegna sama mannsins.

Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 23.9 % ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2003 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla göðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 22 b og c) Samanburður milli ára frá árinu 1999**

Sifjaspell	1999	2000	2001	2002	2003	
Faðir	14,1%	13,0%	13,4%	18,4%	14,7%	24
Móðir	1,3%	0,7%	0,7%	0,6%	0,0%	0
Stjúpfaðir	3,8%	7,5%	9,4%	4,9%	11,0%	18
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	8,3%	13,7%	8,1%	11,0%	3,1%	5
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	15,4%	11,0%	12,8%	6,1%	12,9%	21
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Frændi/frænka	16,0%	12,3%	22,8%	20,9%	20,2%	33
Vinur/kunningi	11,5%	7,5%	5,4%	11,7%	12,9%	21
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Umsjáraðili utan fjölskyldu	7,7%	8,9%	4,7%	8,0%	3,7%	6
Ókunnugur	1,9%	2,1%	2,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	8,3%	8,2%	9,4%	3,1%	2,5%	4
Fjölskylduvinur	10,9%	13,7%	10,1%	12,9%	17,2%	28
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Annað	0,6%	1,4%	1,3%	2,5%	1,2%	2
<b>Fjöldi</b>	<b>156</b>	<b>146</b>	<b>149</b>	<b>163</b>	<b>163</b>	

Nauðgun	1999	2000	2001	2002	2003	
Faðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	0,0%	1,2%	2,2%	1,3%	3,2%	5
Vinur/kunningi	66,2%	60,7%	54,4%	53,3%	53,5%	83
Maki	9,5%	11,9%	13,3%	10,7%	12,3%	19
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Ókunnugur	23,0%	20,2%	23,3%	27,3%	23,9%	37
Giftur inn í fjölskylduna	1,4%	2,4%	0,0%	0,7%	1,3%	2
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	2,2%	1,3%	1,9%	3
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	2,2%	1,3%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	1,2%	1,1%	1,3%	1,9%	3
Annað	0,0%	2,4%	1,1%	0,7%	0,6%	1
<b>Fjöldi</b>	<b>74</b>	<b>84</b>	<b>90</b>	<b>150</b>	<b>155</b>	


Í töflum 22b og c eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar, en 12.3% hafa búið við slíkt ofbeldi. Fjöldi þeirra nauðgana sem til umfjöllunar voru árið 2003 voru 155 eða 5 fleiri en í fyrra, þó þær sem leituðu hjálpar sérstaklega vegna nauðgana hafi verið 103.

## Kærð mál

Tafla 23) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	27	8,0%
Nei	306	90,5%
Ekki vitað	5	1,5%
	<b>338</b>	<b>100%</b>

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	16	59,3%
Foreldrar	1	3,7%
Móðir	5	18,5%
Aðrir	2	7,4%
Ovíst	3	11,1%
	<b>27</b>	<b>100%</b>



Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, komust 8,0% til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast hingað, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum hjá réttarkerfinu.

Af töflum 24-27 má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómkerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það.

Tafla 24) Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	3	11,1%
Málið er vinnslu	11	40,7%
Málið fellt niður	11	40,7%
Ovíst	2	7,4%
	<b>27</b>	<b>100%</b>




**Tafla 25) Hvernig var dæmt í málinu í héraði ?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Dæmdur í fangelsi	2	66,7%
Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi	1	33,3%
	<b>3</b>	<b>100%</b>

**Tafla 26) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutf.</b>
Ekki vísað til hæstaréttar	1	33,3%
Sami dómur	1	33,3%
Dómur ekki fallinn	1	33,3%
	<b>3</b>	<b>100%</b>


**Tafla 27) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2003**



## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Tafla 28) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra

	Fjöldi	Hlutf.
Karl	334	98,8%
Kona	4	1,2%
	<b>338</b>	<b>100%</b>



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi.

Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að karlar eru 98.8 % þeirra sem að beitt hafa því kynferðisofbeldi sem hér um ræðir. Árið 2002 voru konur 4.8%. Til samanburðar má geta að í áður nefndri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur á kynferðisofbeldi gegn börnum eru konur 7.6% ofbeldismanna. Örugglega eru skuggatölurnar óþekktar um konur sem ofbeldismenn, en niðurstaðan er enn óbreytt. Kynferðisofbeldi er kynbundið ofbeldi og ekki hægt að fjalla um það án þess að breytan kyn sé áhrifamikil.

## Félagslega staða ofbeldismanna

Tafla 29) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	1999	2000	2001	2002	2003	
1-10 ára	0,4%	0,0%	0,0%	0,3%	0,3%	1
11-15 ára	8,1%	6,8%	6,1%	6,0%	7,4%	25
16 -18 ára	10,9%	8,0%	10,2%	11,0%	13,9%	47
19 -29 ára	25,4%	33,8%	34,8%	34,5%	37,3%	126
30 -39 ára	16,5%	26,6%	28,9%	27,1%	22,8%	77
40 -49 ára	14,1%	11,8%	10,9%	11,0%	10,4%	35
50 -59 ára	5,6%	6,8%	2,7%	6,0%	2,4%	8
60 ára og eldri	3,2%	5,1%	2,7%	2,4%	0,9%	3
Óvíst	15,7%	1,3%	7,9%	1,8%	4,7%	16
<b>Fjöldi</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	<b>338</b>	


Tafla 29 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa „læknisleiki“ barna. Ofbeldið upplifist sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á „besta“ aldri.

### Tafla 30) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	1999	2000	2001	2002	2003	
Er í skyldunámi	9,3%	7,2%	7,0%	6,3%	8,0%	27
Er í framhaldsskóla	10,9%	12,7%	11,7%	13,1%	14,2%	48
Er í háskóla	1,2%	2,5%	1,6%	1,8%	1,2%	4
Lokið skyldunámi	38,7%	33,3%	25,0%	24,4%	25,7%	87
Lokið framhaldsskóla	13,3%	17,3%	22,7%	19,0%	26,3%	89
Lokið háskóla	2,8%	4,2%	4,7%	6,8%	3,6%	12
Lokið öðru sérnámi	4,0%	3,0%	7,0%	4,5%	3,8%	13
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Óvíst	19,8%	19,0%	20,3%	23,2%	17,2%	58
<b>Fjöldi</b>	<b>248</b>	<b>237</b>	<b>256</b>	<b>336</b>	<b>338</b>	

Tafla 30 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

### Tafla 31) Atvinna ofbeldismanna



Tafla 31 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri, hafa mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir koma úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

### Tafla 32) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið

	Fjöldi	hlutf.
Einhleypur	92	27,2%
Í sambúð	34	10,1%
Giftur	89	26,3%
Innan 18 ára	72	21,3%
Er að skilja	0	0,0%
Fráskilinn	4	1,2%
Ekill	2	0,6%
Óvíst	45	13,3%
	<b>338</b>	<b>100%</b>

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið er framið. Um 36.4% þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

### Tafla 33) Börn ofbeldismanna í dag

	Fjöldi	Hlutf.
Já	124	37,5%
Nei	76	23,0%
Ekki vitað	131	39,6%
	<b>331</b>	<b>100%</b>

Af töflu 33 má sjá að a.m.k. 124 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða tæp 37.5%. Óvissuþátturinn er þó stór.